



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 1. apríl 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:15 - 20:30.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Reinhold Richter, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Laufey Ólafsdóttir. Hjalti Hrafn Hafþórsson, Rán Reynisdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

Ritari upplýsti að fundargerðir þessarar stjórnar og þeirrar síðustu eru nú öllum aðgengilegar á vefsíðu flokksins.

### 2. Sósíalistaþing

Rætt var hvort fresta ætti þinginu fram yfir páska, til 27. apríl eða 4. maí. Efasemdir voru um að ýmsir hópar og félög sem verða með dagskrá og kynningar væru komin nógu langt í sinni vinnu. Ákveðið var að fresta þinginu.

### 3. Verkefni stjórnarmanna

Samstaða um að setja enn meiri kraft í þau verkefni sem stjórnarmenn koma að í undirbúningi þingsins.

### 4. Maístjarnan

Maístjarnan verður kynnt á þinginu.

### 5. Sósíalistarútan

Hætt var við fyrirhugaða funduferð Sósíalistarútunnar í vor þar sem Katrín, aðalhvatamaður ferðarinnar, kemst ekki til landsins í tæka tíð. Stefnt er að ferð næsta vor.

## 6. Fjárhagur flokks og Maístjörnu, staða á reikningum

Flokkurinn: 83.832 kr., Maístjarnan: 940.257 kr.

Maístjarnan keypti hljóðkerfi og tjald eins og ákveðið var á síðasta fundi. Tvö borð bættust við sem auka kostnaðinn um 50.000 kr.

## 7. Önnur mál

Rán sagði frá fundi Leigjendasamtakanna. Hann gekk ágætlega þó hann hafi ekki verið fjölmennur og þau eru komin með ýmislegt á þjónana.

Fundi slitið.